

Alþingi
Erindi nr. P 139/500
komudagur 29. 11. 2010

Nefndasvið Alþingis, vegna félags- og tryggingamálanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hagsmunasamtök
Heimilanna



Reykjavík, 29. nóvember 2010

**Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna (HH) til Efnahags- og skattanefndar Alþingis vegna þingskjals nr. 213, 196. máls, 139. löggjafarþingi, 2010-2011.
Frumvarp til laga um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki.**

Almennt:

Markmið frumvarpsins er tvíþætt, annars vegar að afla ríkissjóði tekna vegna mikils kostnaðar sem hefur fallið á ríkissjóð við hrun fjármálakerfisins og hins vegar að draga úr áhættusækni fjármálafyrirtækja. Lagður er til 0,045% sérstakur skattur á hérlendar heildarskuldir fjármálafyrirtækjanna að frádragnum þeim hluta innistæðna sem getur að hámarki komið til útborgunar hvers innistæðueigenda skv. lögum um innistæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta. Markmið með skattstofninum er líka að hafa hann breiðan og hafa skatthlutfallið lágt. Gert er ráð fyrir að skatturinn skili um 1ma kr. í ríkissjóð árlega.

Þegar ætla má að kostnaður ríkissjóðs vegna hrunsins sé þegar um 1.350ma er nokkuð ljóst að það mun taka 1350 ár að þessi skattur bæti það tjón upp, skv. rökum frumvarpsins. Að takmarka skattinn við innlendar skuldir fjármálafyrirtækja eingöngu, með ýmsum skerðingarmörkum, bæði við skattstofn og en óskertri innistæðutryggingu getur varla talist breiður skattstofn.

Samtökin telja þennan skatt meira sýndarmennsku að hálfu stjórnvalda, en að þjóna tilgangi sínum í ljósi hagstærða, skattstofns og virkni. Þörf er á slíkum skatti í einhverri mynd í ljósi aðstæðna, en undrun vekur hve lágt skatthlutfallið er, hver skattstofn er og á hve takmarkaðan hluta í veltu fjármálafyrirtækjanna hann nær til. Svo virðist sem skatturinn hafi ekki áhrif á útlán fjármálafyrirtækjanna, sem eru þeirra bókfærðu eignir. Skatturinn virkar hins vegar einna helst á innlán, sem er einkennileg skilaboð, þegar innlendir sparnaður er að hverfa og hvetja þarf til breyttra viðhorfa í fjármálum heimilanna. Hvernig geta innlán endurspeglad áhættusækni þessara fyrirtækja? Það verður að efla sparnað og draga úr yfir skuldsettum fjárfestingum og neyslu fyrirtækja og heimila. Að leggja skatt á innlán kallar á meiri vaxtamun milli inn- og útlána, þar sem innlánsvextir munu væntanlega lækka og þar með draga úr áhuga á sparnaði, en hefur engin áhrif á útlán fjármálafyrirtækjanna. Enn frekari virkni boðaðs fyrirkomulags er að mörg fjármálafyrirtæki eru ekki með innlán, ss. bílafjármögnunarfyrirtækin, þó frumvarpið ná til fjármögnunarskulda þeirra.


Ef vinna á með áhættusækni fjármálafyrirtækja væri nærtækara að setja skýrari hömlur á virkan eignarhlut í fyrirtækjum og tengdum aðilum skv. 28.gr. laga 161/2002 og útlána þeirra, sérstaklega útlána til stórra einstaka og tengdra aðila sbr. 30.gr. ofangreindra laga.

Samtökin leggja til að skattstofn frumvarpsins verði endurskoðaður, snúið við og skatturinn verði lagður á tekjuhlíð fjármálafyrirtækjanna, þann hluta útlána sem teljast til stórrar áhættu, sbr. 30.gr. ofangreindra laga. Samtökin leggja til að skattstofninn verði stór útlán eingöngu, en ekki almenn útlán og komi þannig ekki til hækkunar lánskjara almennt. Slík kostnaðardreifing verði bönnuð. Þannig verði svo dæmi sé tekið miðað við skatthlutfallið 1% af lánnum einstaka eða tengdra lántaka fjármálafyrirtækis, sem fer yfir 10% af eiginfjárstofni fjármálafyrirtækisins. Setja mætti slíka fyrirvara um breytingu á lánskjörum inn í skilmála skuldaskjala útlána, fari lánveiting / -ar yfir skilgreind mörk.

Á það er bent að í nýlegu frumvarpi um ýmsar skattahækkanir í þskj. 217-200 um ríkisfjármál, sem nú er til umfjöllunar í Nefndarsviði Alþingis, er lagt til 4-100% hækkun ýmissa skatta og lækkun bóta á

almenning vegna aukinnar skuldabyrði ríkisins vegna sama hruns. Það lága hlutfall sem gengið er út frá í frumvarpinu er nánast móðgun við almenning í landinu vegna gríðarlegs kostnaðar sem hann verður að taka á sig vegna óábyrgrar útlánastarfssemi fjármálafyrirtækja og mikilla krosseignarhaldstengsla, sem opinbert eftirlit spornaði ekki við. Því er lagt til að skattstofn og skatthlutfall frumvarpsins verði endurskoðuð frá grunni.

Virðingarfyllt,
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna / www.heimilin.is


Friðrik Ó. Friðriksson, formaður

Sveinbjörn Sveinsson, varastjórnarmaður